

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Múlaþingi.

Lagarfossvirkjun og nágrenni, breytt deiliskipulag.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 31. maí 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Lagarfossvirkjun og nágrenni.

Breytingin felur í sér að eftirfarandi texta er bætt við greinargerð gildandi deiliskipulags:

„B1 – 45 x 65 m byggingarreitur. Þar er heimilt að byggja allt að 500 m² skemmu. Mænishæð getur verið allt að 8 m m.v. gólfplötu.“ Að öðru leyti gilda aðrir skilmálar.

Með breytingunni er brugðist við aukinni þörf fyrir verkstæði og varahlutageymslu við Lagarfossvirkjun. Breytingin vikur ekki frá notkun, er á afmörkuðu svæði og í samræmi við þá starfsemi sem til staðar er á svæðinu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Bláargerði 28a-36b á suðursvæði Egilsstaða, breytt deiliskipulag.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 21. júní 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir suðursvæði Egilsstaða.

Breytingin felst í því að þremur einbýlishúsalóðum (E1) við Bláargerði 28-32 er breytt í tvær parhúsalóðir með 4 íbúðum og tveimur einbýlishúsalóðum (E2) við Bláargerði 36-38 er breytt í eina raðhúsalóð með 4 íbúðum. Fyrirkomulag, stærð lóða og byggingarreitir breytast en byggingarmagn helst óbreytt. Gatan er lengd um 5 m til að koma fyrir bílastæðum fyrir framan parhús. Bílastæðum í götu fækkar um eitt. Húsnúmer breytast, færast til og bætist a og b fyrir aftan þau. Breyta þarf mæli- og hæðarblöðum en að öðru leyti haldast almennir skilmálar óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Egilsstöðum, 23. júní 2021.

María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.